

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (hlutafé í erlendum gjaldmiðli).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Þessari fjárhæð getur ráðherra breytt í samræmi við breytingar á gengi evru.
- b. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, 4.–6. mgr., sem orðast svo:

Hlutafélög, sem hafa fengið samþykki fyrir skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði, mega ákveða hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli. Sama gildir um önnur hlutafélög, enda hafi þau fengið heimild ársreikningaskrár til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendum gjaldmiðli. Félög skv. 1. og 2. málsl. skulu halda nýja gjaldmiðlinum óbreyttum í a.m.k. fimm ár nema ráðherra veiti undanþágu frá þeim tímamörkum.

Auk íslensku krónunnar má ákveða hlutafé í eftirtöldum erlendum gjaldmiðlum: evru, bresku pundi, dönskum, norskum og sænskum krónum, Bandaríkjadal, japönskum jenum og svissneskum frönkum. Í ákvörðun hluthafafundar skal greina frá nafnverði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðli. Ef um er að ræða skráð félag á skipulegum verðbréfamarkaði sem hefur ekki við útgáfu hlutabréfa aflað heimildar til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skal við umreikning í annan gjaldmiðil miða við lokagengi samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands í lok næsta reikningsárs á undan því ári þegar ákvörðunin er tekin eða það gengi sem gildi þegar innborganir hlutafjár fóru fram. Hafi félag fengið heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skal nafnverð hlutafjár við útgáfu hlutabréfa vera í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga varðandi umreikninginn.

Ráðherra getur sett reglur um að miða megi við aðra gjaldmiðla, svo og kveðið nánar á um skilyrði fyrir því að hlutafé sé ákveðið í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni og hvenær sú breyting megi fara fram.

### 2. gr.

Í stað orðanna „lög um rafræna skráningu verðbréfa“ í 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Í hlutafélögum skal við breytingu á gjaldmiðli hlutafjár innkalla útgefin hlutabréf og gefa ný út í stað þeirra í nýjum gjaldmiðli. Gera skal samþæringar breytingar sé um rafræna skráningu að ræða.

### 3. gr.

Við 2. tölul. 153. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Sama gildir um brot á reglum um hlutafé í erlendum gjaldmiðli skv. 4. mgr. 1. gr.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2002.

*Gjört á Bessastöðum, 2. maí 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Valgerður Svverisdóttir.*